

Aðalfundur Sunddeildar Keflavíkur 28.1 2013.

1. mál Fundarsetning.

Falur setur fundinn og býður alla velkomna. Minni á heimasíðu félagsins, keflavik.is/sund og þar eru allar fundargerðir, skýrslur og aðrar upplýsingar. Mikið af myndum úr starfi félagsins.

2. mál Kosning fundarstjóra.

Falur leggur til að Hjördís Kristinsdóttir verði fundarstjóri

3. mál Kosning fundarritara.

Hjördís leggur til að Kolbrún Marelsdóttir ritari sunddeildar keflavíkur verði fundarritari.

4. mál Fundargerð síðasta aðalfundar.

Hjördís lagði fram skýrslu síðasta aðalfundar en hana má finna á netinu auk útprentaðs eintaks á staðnum.

5. mál Skýrsla Stjórnar.

Falur fór yfir skýrslu stjórnar og hana má finna á heimasíðu deildarinnar eftir fundinn.

6. mál Ársreikningar lagðir fram.

Guðmunda Róbertsdóttir fer yfir ársreikninga deildarinnar.

Skýrsla stjórnar og reikningar samþykktir.

Kaffihlé

7. mál Kosningar.

a) Falur Helgi Daðason býður sig fram sem formaður.

Falur kosinn einróma.

B) Sigurþór Sævarsson og Guðmunda Róbertsdóttir bjóða sig fram til 2 ára.

Sigurþór og Guðmunda eru kosin einróma.

b) Kolbrún Marelsdóttir býður sig fram til 1 árs. Fyrir er Hilmar Örn Jónasson til 1 árs (var kosinn til 2 ára í fyrra). Var kosin einróma.

d) Guðrún Jóna Árnadóttir og Guðný Magnúsdóttir bjóða sig fram til varamanns og eru kosnar einróma.

e) Daði Þorgrímsson og Margeir Þorgeirsson kosnir skoðunarmenn reikninga og Birgir Ingibergsson til vara.

f) Kosning og skipan í nefndir og ráð vísað til stjórnar.

8. mál Æfingargjöld næsta árs ákveðin.

Vísað til stjórnar. Samþykkt samhljóða af fundarmönnum

9. mál Fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Guðmunda lagði fram fjárhagsáætlun næsta árs.

10. mál Önnur mál.

- a) Sigurvin Guðfinnsson kom upp og sagðist ánægður með rekstu deildarinnar og hve vel hafi tekist að snúa við rekstrinum. Var ánægður með störf stjórnar og hvatti fólk áfram til góðra verka.
- b) Sigurbjörg Róbertsdóttir tók til mál. Ágæta stjórn og aðrir fundargestirEins og fundarstjóri sagði þá heiti ég Sigurbjörg Róbertsdóttir og er formaður Sundráðs ÍRB. Mig langaði að koma hér upp og þakka stjórn sunddeildar Keflavíkur fyrir samstarfið undanfarið ár. Fyrir þá sem ekki vita þá starfa sunddeildir keflavíkur og umfn undir merkjum sundráðs ÍRB hér í Reykjanesbæ. Þetta þýðir að allir sundmenn eru skráðir sem iðkendur í annað hvort félagið en Sundráð ÍRB skipuleggur og starfrækir sundþjálfun og sundkeppni allra iðkenda sinna. Sundráð ræður þjálfara, sækir um æfingartíma í mannvirkjum og skipuleggur æfingartíma. Sundráð ÍRB hefur umsjón með sundmótum fyrir hönd deildanna og að hefur umsjón með ýmsum uppákomum fyrir sundmenn og forráðamenn að höfðu samráði við stjórnir og foreldraráð SK og SN. Árið 2011 var ár sjálfbóðaliðans. Ég vona að það verði ekki eitt af síðustu árunum sem við sjáum þessa stétt vera að störfum. En því miður hefur reynst æ erfiðara að fá fólk til að starfa í sjálfbóðavinnu t.d. fyrir íþróttafélög. Á herðar stjórnar eru lagðar ofurkröfur. Það á að reka deildina án taps, það á að ráða hæfa þjálfara í allar stöður, stjórnin á að afla styrktaraðila, æfingargjöldin eiga helst að vera mjög lág eða enginn og svo bætast við persónulegar kröfur frá einstökum sundmönnum og fjölskyldum þeirra um að leysa allskonar mál sem upp koma. Ég hef á þessu ári dáðst að því fólk sem hefur starfað með mér í stjórn sundráðs ÍRB og í sunddeild Keflavíkur. Sum mál sem upp hafa komið er þess eðlis að mínu mati að það hafa verið gerðar ósanngjarnar kröfur á fólk um að fórnna tíma sínum, tíma með fjölskyldu sinni og tíma sem á að fara í "venjuleg" stjórnarstörf til að sinna málum sem fjölskyldan sjálf eða fagfólk ætti í raun að sinna. Óréttmæt gagnrýni hefur einnig komið fram

og stjórnarmenn ekki getað svarað fyrir sig á málefnalegum grundvelli. Í þessu samhengi skiptir stuðningur aðalstjórnar miklu máli. Ég má til með að hrósa aðalstjórn Keflavíkur fyrir sín störf og þann mikla stuðning sem hún hefur sýnt sunddeildinni og þeim málefnum sem þar hafa komið upp. Við fáum varla tölvupóst öðruvísi í dag en að allir aðilar allt upp í bæjarstjóra fái afrit af póstinum. Og ég er ekki að tala um pósta sem snúast um alvarleg mál. Ég er að tala um pósta um æfingargjöld og því um líkt. Og að sjálfsögðu verðum við að bregðst við. Svára póstinum, funda með foreldrum og sundmönnum og ég veit að margir stjórnarmenn hafa tekið sér frí í launaðri vinnu til að sinna sjálfböðastarfinu. En sem betur fer er meirihluti foreldra sundmanna jákvæðir, þakklátir fyrir það sem gert er og duglegir að taka að sér störf sem þarf að vinna. Margir foreldrar taka að sér mikið af störfum sem þarf að sinna þrátt fyrir að vera ekki í stjórn. Foreldrar sjá um að skipuleggja skemmtiviðburði, taka að sér fararstjórn, sjá um búningarmálin, fjáröflun fyrir ferðir og ýmislegt fleira og það bera að þakka fyrir. Því miður heyrast oft minna í þeim sem eru ánægðir. Raddir þeirra drukkna í einni eða örfáum neikvæðum röddum. Vegna þessa tókum við þá ákvörðun um að gera könnun meðal foreldra í þremur elstu hópunum okkar. Sú könnun kom afar vel út og mikil svörun foreldra var ánægjuefni. Niðurstöður hennar má finna á heimasíðum félaganna. Ég má líka til með að nefna það hér að formaður Ungmennafélags Íslands sendi okkur tölvupóst þar sem okkur var hrósað sérstaklega fyrir þessa könnun og hve fagmannlega var unnið að henni. En áfram heldur starfið og við vonum að við eigum jákvætt og bjart ár framundan. Við höfum aldrei haft eins lítið brottfall úr sundi í efstu hópunum okkar í langan tíma og það segir ýmislegt um hve ánægðir sundmennirnir okkar eru. Yngri hóparnir eru allir við það að vera fullir og mikill áhugi er á sundíþróttinni í bænum okkar. Ég vil hvetja ykkur, foreldrana, til að halda áfram að taka að ykkur verkefni og bjóða ykkur fram til að vinna fyrir börnin ykkar. Og við ykkur hin sem ekki enn hafa ekki boðið ykkur fram og tekið þátt í starfinu, endilega gerið það. Það munar um allar hendur.

- c) Hjördís Kristinsdóttir og Júlíus Friðriksson hættu í stjórn og fengu þau mynd frá Döllu að gjöf. Falur þakkaði þeim fyrir vel unnin störf í stjórn SK.
- d) Júlíus Friðriksson kom upp og sagðist segja sig úr stjórn SK þar sem hann gæti ekki unnið með núverandi aðalþjálfara liðsins og væri ekki sáttur við hans aðferðir.
- e) Falur þakkaði traustið eftir kosninguna. Falur sagðist vonast eftir að meiri ró færðist yfir stjórnarstörf á næsta ári en töluvert hefur verið að gera á yfirstandandi sundári. Falur þakkaði einnig fyrrverandi stjórn fyrir vel unnin störf og hlakkar til að takast á við nýjar áskoranir.

Fundi slitið 21:28

Fundarritari Kolbrún Marelsdóttir.